BORGARRÁÐ 11. desember 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Viðreisnar um stuðning borgarinnar til tónlistarþróunar ungs fólks - MSS25120053

Óskað er eftir yfirliti og samantekt yfir alla samninga og reglulegan stuðning við fólk í tónlist um alla borg. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig þessi úrræði hafa þróast og hvaða kostnaður liggur þar á bak við. Einnig er óskað eftir umsögn um það hvort borgin gæti að jafnræðisreglu og hvort hætta sé á að borgin sé komin inn í samkeppnisrekstur við tónlistarfyrirtæki.

Greinargerð:

Í borgarráði 11. desember 2025 var samþykktur viðauki við leigusamning vegna Hólmaslóðar 2 þar sem Tónlistarþróunarmiðstöð hefur verið rekin undanfarin ár. Í húsnæðinu er æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir og hljóðver. Ljóst er að tónlistarþróunarmiðstöðvar hefur þróast frá því að vera einvörðungu fyrir ungt fólk yfir í að vera einnig fyrir almenna tónlistarþróun. Einnig styður borgin við leigu Tónhyls á Árbæ sem upphaflega var hugsað sem andlag við tónlistarþróun á Granda í Vesturbæ. Borgin er einnig að styðja við ýmis önnur úrræði hvort heldur með leigu eða fjárframlagi í rekstri og óskað er eftir yfirliti yfir alla þessa samninga eðli þeirra og heildar kostnað á ári og innan samninga.